

1. september 2018



**Leyfi fyrir þreföldu heljarstökki**

## Lýsing á leyfi fyrir þreföldum heljarstökkum

Leyfi það sem um ræðir er gefið út til framkvæmdar á þreföldum heljarstökkum á mótum í hóp fimleikum (TeamGym) á Íslandi og á mótum erlendis þegar keppt er fyrir hönd Íslands.

Leyfið er persónubundið og getur því einungis verið notað af þeim fimleikakeppanda sem fær það útgefið eitt keppnistímabil í senn. Einungis Fimleikasamband Íslands, (hér eftir nefnt FSÍ) getur gefið út leyfið. Tækninefnd í hóp fimleikum tilnefnir fulltrúa sem sjá um að taka út og samþykkja leyfisveitingu fyrir hvert keppnistímabil fyrir hönd FSÍ. Fulltrúi skal ávallt vera óháður aðili.

Leyfi fyrir þreföldum heljarstökkum með blindri lendingu verða ekki veitt.

Umsókn um leyfi skal send FSÍ á því formi sem FSÍ hefur samþykkt og finna má á heimasíðu FSÍ. Ekkert aldurstakmark er fyrir leyfisumsókn. Keppendur undir 18 ára aldri þurfa þó að skila inn skriflegu samþykki frá foreldri, sem ritað er á umsóknina um leyfið.

Hvert félag getur óskað eftir að fá fulltrúa FSÍ til sín einu sinni fyrir hvert mót á keppnistímabilinu.

## Ársgildistími leyfis

Fimleikakeppandi sem fær leyfi frá FSÍ til þess að framkvæma þrefalt heljarstökk á mótum, getur nýtt leyfið á öllum þeim mótum sem fara fram á því keppnistímabili frá þeim degi sem það er samþykki. Eftir að keppnistímabili lýkur fellur leyfið úr gildi og sækja þarf aftur um leyfi fyrir næsta tímabil, sé þess óskað.

## Leyfi afturkallað

Ef fimleikakeppandi uppfyllir ekki kröfur um útfærslu á þreföldu heljarstökki í keppni, getur FSÍ afturkallað leyfið fyrirvaralaust.

## Leyfi veitt

Ef félag sækir um leyfi fyrir framkvæmd þrefalds heljarstöcks fyrir fleiri en einn fimleikakeppanda þarf að senda eina umsókn á hvern keppanda (með fullu nafni og kennitölu). Senda þarf umsóknir til FSÍ að minnsta kosti sex vikum fyrir keppni. Sé fimleikakeppandi undir 18 ára aldri, þarf skriflegt samþykki foreldris að koma fram á umsókninni. FSÍ skal þá setja upp leyfisúttekt í samráði við félag ekki seinna en fjórtán dögum fyrir keppni.

Þegar sótt er um leyfi þarf alltaf að taka fram hvaða stökk er verið að óska eftir að sé tekið út.

Í leyfisúttektinni, mun fulltrúi FSÍ vera viðstaddur og taka ákvörðun samstundis um hvort að stökkið standist kröfur. Umsækjandi fær þar af leiðandi að vita samstundis hvort stökkið sé metið hæft.

Iðkandi fær þrjár tilraunir til að framkvæma tiltekið þrefalt heljarstökk sem sótt er um leyfi fyrir. Lenda þarf þrefalda heljarstökkið tvisvar af þremur tilraunum til þess að það sé samþykkt sem fullnægjandi. Lendingin er gerð í “semi-harða” lendingu eða í keppnislendingu.

Ef iðkandi stenst ekki kröfurnar og fær ekki leyfið, getur hann sótt um að nýju þegar næsti leyfisgluggi opnast.

Það þarf alltaf að fá leyfi fyrir þreföldu samanbognu heljarstökki áður en leyfi er fengið fyrir þreföldu heljarstökki í vinklaðri stöðu eða samanbognu heljarstökki með snúningum. Hægt er að fá leyfi fyrir samanbognu heljarstökki og vinkluðu í sömu úrtökunni. Ef að iðkandi hefur árið áður fengið leyfi fyrir þreföldu heljarstökki og vill á nýju keppnistímabili fá leyfi fyrir erfiðari útgáfu af þreföldu heljarstökki, er möguleiki á að fá beint leyfi fyrir því stökki.

#### **Leyfi gefið út**

Ef að iðkandi fær þrefalda heljarstökkið sitt metið sem gilt, sendir sá sem tók heljarstökkið út útfyllt matsblað til FSÍ. Það er í lagi að taka mynd og senda.

Mótastjóri hjá FSÍ mun skrá leyfið inn í þar til gert skjal, sem að yfirdómari hvers móts fær aðgang að, í gegnum THF.